

Fundargerð 439. fundar

stjórnar Hafnasambands Íslands

Árið 2021, föstudaginn 12. nóvember kl. 11:30 kom stjórn Hafnasambands Íslands saman til fundar og fór hann fram í gegnum fjarfundarbúnað.

Fundinn sátu: Lúðvík Geirsson, Eydís Ásbjörnsdóttir, Guðmundur M Kristjánsson, Hanna Björg Konráðsdóttir, Magnús Þór Ásmundsson, Pétur Ólafsson, Rebekka Hilmarsdóttir, Alexandra Jóhannesdóttir, Björn Arnaldsson og Ólafur Þór Snorrason.

Að auki sátu fundinn: Sesselía Dan Róbertsdóttir og Valur Rafn Halldórsson fundarritari sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Fundargerð 438. fundar - 2102001HA

Lögð fram til staðfestingar fundargerð 438. fundar stjórnar hafnasambandsins frá 15. október 2021.

Fundargerðin samþykkt og verður undirrituð á næsta staðfundi.

2. Framkvæmdaþörf hafna - 2105002HA

Sesselía Dan gerði grein fyrir niðurstöðum skýrslunnar.

Stjórn hafnasambandsins þakkar fyrir kynninguna og felur Sesselíu að ganga frá lokaskýrslu m.v. umræður á fundinum og þau viðbótargögn sem stjórnarmenn ætla að taka saman varðandi orkuskipti í höfnum.

Einnig samþykkt að senda skýrsluna á aðildarhafnir og fjölmiðla þegar hún er tilbúin.

Sesselía Dan Róbertsdóttir vék af fundi kl. 12:00.

3. Rafvæðing hafna - 2110001HA

Formaður skýrði frá fundi fulltrúa hafnasambandsins með starfshópi stjórnvalda um orkuskipti.

4. Samstarfsnefnd Fiskistofu og hafnasambandsins - 2009013HA

Formaður greindi frá fundi sem hann átti með fulltrúum Fiskistofu en þar kom fram beiðni stofnunarinnar um að hefja aftur samstarf milli hafnasambandsins og Fiskistofu.

Stjórn hafnasambandsins tekur jákvætt í það að endurvekja samráðsnefnd Fiskistofu og hafnasambandsins enda mikilvægt að það sé gott samstarf og samvinna þar á milli. Stjórn samþykkir að tilnefna Pétur Ólafsson frá Hafnasamlagi Norðurlands og Guðmund M. Kristjánsson frá Höfnum Ísafjarðarbæjar í samráðsnefndina.

5. Fyrirspurn um starfsemi sláturskipa - Norweigan Gannet - 2009008HA

Lögð fram fyrirspurn Vesturbyggðar og Tálknafjarðahrepps til atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins dags. 14. október 2021 vegna sláturskipsins Norweigan Gannet í október 2021, þar sem 500 tonnum af eldisfisk var dælt úr kvíum í Tálknafirði og siglt með beint til Danmerkur til vinnslu og þökkunar. Einnig lögð fram svör ráðuneytisins um starfsemi sláturskipa í fiskeldi dags. 4. nóvember 2021. Samkvæmt svörum ráðuneytisins er ekki fjallað um starfsemi sláturskipa í fiskeldi í ákvæðum íslenskra laga en á grundvelli 37. gr. reglugerðar um fiskeldi nr. 540/2020 veitti Matvælastofnun heimild fyrir komu sláturskipsins á grundvelli jákvæðrar umsagnar fisksjúkdómanefndar, þar sem talið var sannað að smitefni bærust ekki með skipinu sem valdið geta dýrasjúkdómum.

Stjórn Hafnasambands Íslands lýsir yfir áhyggjum af notkun og starfsemi sláturskipa í fiskeldi og þeirra neikvæðu áhrifa sem þau hafa á rekstrarumhverfi hafna. Notkun slíkra skipa skerðir verulega tekjumöguleika þeirra hafna þar sem eldisfisk er dælt til slátrunar og vinnslu en á sama tíma gera eldisfyrirtækin kröfu um góða hafnaraðstæður og að þjónusta sé til staðar. Stjórn hafnasambandsins hvetur til þess að starfsemi og notkun sláturskipa í fiskeldi verði sérstaklega tekin til skoðunar og sett verði skýr ákvæði í lög og reglugerðir um starfsemi og notkun sláturskipa hér við land. Samhliða þeirri vinnu verði horft til endurskoðunar á ákvæðum hafnalaga nr. 61/2003 vegna fiskeldis, sem hafnasambandið hefur hvatt til að verði endurskoðuð (umsögn hafnasamband Íslands 31. ágúst 2020).

6. Þingmál - 2111001HA

Lagt fram minnisblað lögfræði- og velferðarsviðs sambandsins, dags. 15. júní 2021, um yfirlit um afgreiðslu þingmála á vorþingi 2021.

Samþykkt að láta útbúa minnisblað um breytingar sem hafa orðið á lögum um mat á umhverfisáhrifum framkvæmda og áætlana (dýpkunarframkvæmdir) og leggja fram á næsta fundi.

Fundi var slitið kl. 12:50

Lúðvík Geirsson

Eydís Ásbjörnsdóttir

Guðmundur M Kristjánsson

Hanna Björg Konráðsdóttir

Magnús Þór Ásmundsson

Pétur Ólafsson

Rebekka Hilmarsdóttir

Alexandra Jóhannesdóttir

Björn Arnaldsson

Ólafur Þór Snorrason

Valur Rafn Halldórsson